

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Gjaldskylda.

Hrunamannahreppur innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald, gjald fyrir hreinsun rotþróa og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010.

2. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug minni eða jöfn 150 mm	313.100 kr.
Heimtaug 151 - 200 mm	334.300 kr.
Heimtaug 201 - 250 mm	354.700 kr.

Gjöld vegna heimtauga sem eru stærri en 250 mm eru reiknuð út sérstaklega sem og ef viðbyggingar við hús ef sú breyting krefst sverari fráveitulagnar.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra.

3. gr.

Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Hrunamannahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,25% af fasteignamati viðkomandi fasteignar þó að hámarki 84.000 kr. fyrir hverja íbúð og 305.600 kr. vegna atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr.

Rotþróargjald.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun rotþróa skv. 18. gr. samþykktu um fráveitur og meðhöndlun seyru í Hrunamannahreppi.

Árlegt rotþróargjald á íbúðarhús þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró	13.800 kr.
--------	------------

Árlegt rotþróargjald á sumarhús þar sem tæming á sér stað að jafnaði fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró	11.300 kr.
--------	------------

Gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur eða fyrirtæki sem eru inn í árlegri hreinsun skal vera eftirfarandi fyrir hvert skipti á hverja rotþró:

Rotþró 0-6.000 l	39.400 kr.
Rotþró 6.001 l og stærri	6.100 kr. pr. m ³

Verð miðast við að hreinsibill þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 3.200 kr. Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda skal greiða sérstaklega samkvæmt gjaldskrá losunar- og móttökuaðila.

5. gr.

Gjalddagar.

a) *Stofngjald fráveitu:* Gjaldalagi stofngjalds fráveitu er sá sami og gjaldalagi gatnagerðargjalds. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

b) *Fráveitu- og rotþróargjald:* Gjaldlagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr.

Innheimta.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í veitu- og framkvæmdanefnd Hrunamannahrepps 20. nóvember 2025, við fyrri umræðu og við síðari umræðu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 4. desember 2025, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1723/2024 um fráveitur í Hrunamannahreppi.

Hrunamannahreppi, 4. desember 2025.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.